

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/570****2021/EES/72/04****frá 26. maí 2016**

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að ákvarða um mikilvægi markaðar með tilliti til seljanleika í tengslum við tilkynningar um tímabundna stöðvun viðskipta (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ⁽¹⁾, einkum e-lið 12. mgr. 48. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Nauðsynlegt er að skýra hvaða skipulegir markaðir ættu að teljast mikilvægir með tilliti til seljanleika sérhverrar tegundar fjármálagernings, þannig að þessir markaðir hafi yfir að ráða viðeigandi kerfum og verklagi vegna tilkynninga til lögbærra yfirvalda um tímabundnar stöðvanir viðskipta.
- 2) Með tilskipun 2014/65/ESB eru kröfurnar sem varða stöðvun viðskipta útvíkkaðar þannig að þær nái til markaðstorga fjármálagerninga og skipulegra markaðstorga og því er mikilvægt að tryggja að fjármálagerningar sem viðskipti eru með á þessum vettvöngum falli einnig innan gildissviðs þessara tæknilegu eftirlitsstaðla.
- 3) Mikilvægt er að tryggja hóflega beitingu á tilkynningarskyldunni. Eftir að hafa fengið tilkynningu um tímabundna stöðvun viðskipta er lögbæru yfirvaldi skylt að meta hvort miðla eigi þeirri tilkynningu áfram til markaðarins og til að samræma viðbrögð markaðarins alls, ef nauðsyn krefur. Til að takmarka rekstrarlegt álag viðskiptavettvanga ættu eingöngu þeir viðskiptavettvangarnir sem mestar líkur eru á að hafi áhrif á markaðinn í heild þegar viðskipti eru stöðvuð að falla undir tilkynningaskylduna.
- 4) Hvað varðar hlutabréf og aðra fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum ætti mikilvægur markaður með tilliti til seljanleika að vera sá viðskiptavettvangur sem er með mesta veltu í viðkomandi fjármálagerningi innan Sambandsins, þar sem mestar líkur eru á að sá viðskiptavettvangur hafi víðtækust áhrif á markaðinn þegar viðskipti eru stöðvuð.
- 5) Fyrir aðra fjármálagerninga en hlutabréf ætti mikilvægi markaðurinn með tilliti til seljanleika að vera skipulegi markaðurinn þar sem hlutaðeigandi fjármálagerningur var fyrst tekinn til viðskipta. Ef annar fjármálagerningur en hlutabréf er ekki tekinn til viðskipta á skipulegum markaði ætti mikilvægi markaðurinn með tilliti til seljanleika að vera viðskiptavettvangurinn þar sem hann gekk fyrst kaupum og sölum. Þetta ætti að tryggja vissu fyrir tiltekna flókna fjármálagerninga með því að setja einfalda tilvísun til þess viðskiptavettvangs þar sem atburðir hafa mikil áhrif á seljanleika á öðrum mörkuðum þar sem viðskipti eru með sama fjármálagerning, einkum vegna þess að umtalsverður hluti, með tilliti til magns viðskiptanna með þann gerning, fer fram á þeim viðskiptavettvangi.
- 6) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa virkni fjármálamarkaðanna, að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tengd landsákvæði sem lögleiða tilskipun 2014/65/ESB komi til framkvæmda frá og með sama degi. Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 7) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álit hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010⁽²⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 124. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Mikilvægur markaður með tilliti til seljanleika

Að því er varðar aðra undirgrein 5. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal mikilvægur markaður með tilliti til seljanleika teljast vera:

- a) að því er varðar hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga, viðskiptavettvangurinn sem er mikilvægasti markaðurinn fyrir seljanleika gerningsins eins og tilgreint er í 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587 ⁽¹⁾,
- b) að því er varðar fjármálagerninga, aðra en þá sem um getur í a-lið, sem teknir eru til viðskipta á skipulegum markaði, skipulegi markaðurinn þar sem fjármálagerningurinn var fyrst tekinn til viðskipta,
- c) að því er varðar fjármálagerninga, aðra en þá sem um getur í a-lið, sem eru ekki teknir til viðskipta á skipulegum markaði, viðskiptavettvangurinn þar sem fjármálagerningurinn gekk fyrst kaupum og sölum,

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með þeim degi sem kemur fram fyrst í annarri undirgrein 1. mgr. 93. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. maí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur um gagnsæi fyrir viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtæki að því er varðar hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini eða aðra svipaða fjármálagerninga og um þá skyldu að viðskipti með tiltekin hlutabréf skuli fara fram á viðskiptavettvangi eða hjá innmiðlara (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 124).